



Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 REYKJAVÍK
postur@anr.is

Reykjavík, 10.02.2020
Tilvísun vor: M-2020-042/00.11

Efni: Drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð, mál nr. 15/2020

Vísað er til máls nr. S-15/2020 í Samráðsgátt stjórnvalda þar sem ráðuneytið kynnir til umsagnar drög að frumvarpi til laga um Orkusjóð.

Orkusjóður og forverar hans - Raforkusjóður og Jarðhitasjóður - hafa gengt þýðingarmiklu hlutverki í orkumálum þjóðarinnar um áratuga skeið. Sjóðirnir eigan stóran þátt í hversu hratt og vel gekk að nýta innlendar orkulindir Íslands, jarðvarma og vatnsafl, og léku stórt hlutverk við rafvæðingu landsins og við jarðhitaleit og stuðluðu þannig bæði að orkusjálfstæði þjóðarinnar og orkuöryggi sem hefur bætt lífskjör í landinu. Sjóðirnir hafa því gengt lykilhlutverki við fyrri orkuskipti þegar orkulindir þjóðarinnar voru beislaðar til raforkuvinnslu og til að útrýma olíu við hitunar húsa. Í ljósi sögunnar er eðlilegt að gera þær breytingar á lögum um Orkusjóð að hann geti leikið stórt hlutverk við þriðju orkuskiptin – nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa til samgangna og fiskveiða.

Að mati Landsvirkjunar eru þær breytingar á sjóðnum sem að er stefnt með frumvarpinu bæði góðar og tímabærar. Tekið er undið að mikilvægt er að hlutverk sjóðsins sé ekki geirneglt í lögum og að svigrúm verði til að breyta áherslum og stuðningi sjóðsins þannig að hann styðji áætlanir stjórnvalda, a.m.k. áætlanir sem Alþingi hefur veitt brautargengi. Skilyrði sem verkefni þurfa að uppfylla verða að sjálfsögðu að vera skýr og eftirlit með þeim þarf að vera öflugt og virkt þannig að tryggt sé að lán og styrkir séu nýttir í samræmi við umsóknir.


Hér á eftir eru ábendingar varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr. Hlutverk

Landsvirkjun hvetur til þess að þessi grein verði endurskoðuð og gerð hnitmiðaðri. Gert er ráð fyrir að hlutverk sjóðsins verði talsvert víðtækara og er sérstaklega ánægjulegt að sjá að gert er ráð fyrir að sjóðurinn geti styrkt verkefni er lúta að orkuöryggi og samkeppnishæfni.

Fyrsti málslíður um hlutverk sjóðsins er óbreyttur frá 2. málsgrein 8. greinar laga nr. 87/2003 um Orkustofnun, að öðru leyti en bætt hefur verið í lok málslíðarins „og nýtingu á innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum“. Þetta er að mati Landsvirkjunar of almennt orðalag. Ætla má að stefnt sé að því að lánveitingar og styrkir frá sjóðnum verði til minni verkefna í dreifbýli sem ekki er hægt að fjármagna með öðrum hætti. Æskilegt væri að það kæmi skýrt fram í texta laganna.

Mikilvægt er skýrst sé í texta laganna að hlutverk sjóðsins sé að lána og styrkja verkefni vegna orkuskipta. Það kemur raunar skýrt fram í greinargerðinni en mikilvægt er að orðið „orkuskipti“ sé í texta laganna.



Einnig er æskilegt að fram komi fram að hlutverk sjóðsins sé og að stuðla að orkusparnaði eða skilvirkri orkunotkun og má í því sambandi vísa þess að sjóðurinn hefur á síðustu árum veitt stofnframlag til varmadælna á köldum svæðum. Í þessu sambandi er minnt á 3. tl. 2. mgr. 8. gr. laga um Orkustofnun.

Loks vekur Landsvirkjun athygli á að á nokkrum stöðum í landinu eru orkumannvirki, einkum háhitaholur, sem ekki er hirt um og hætta getur stafað af. Landsvirkjun hvetur til að skoðað verði hvort nýta megi Orkusjóð til að tryggja öryggi slíkra orkumannvirkja.

3. gr. Hlutverk

Þessi grein á væntanlega að heita „Stjórn“.

4. gr. Fjármögnun verkefna

Í lok 2. ml. 2 mgr. er lagt til að sjóðurinn hafi áfram heimild til að fella niður endurgreiðsluskyldu lántaka. Mikilvægt er að Orkusjóður hafi áfram slíka heimild. Heimild til niðurfellingar hafði t.d. mikla þýðingu varðandi jarðhitaleit, en æskilegt væri að lögin settu skýrari ramma varðandi hvað þetta varðar. Í greinargerð er ekki fjallað nánar um þetta, en í 15. gr. reglugerðar um Orkusjóð nr. 185/2016 eru ákvæði um slíka heimild og er þá einungis gert ráð fyrir að hún sé nýtt vegna jarðhitaleitar.

5. gr. Eftirlit

Landsvirkjun telur mikilvægt að sett verði ítarlegri ákvæði um eftirlit með framvindu verkefna og mat á árangri þeirra. Fyrirtækið telur eðlilegt að fela það Orkustofnun enda á stofnunin að annast áfram daglega umsýslu Orkusjóðs skv. 1. gr. frumvarpsdraganna. Mikilvægt er að tryggja alla skjölun upplýsinga um verkefni og rekjanleika og því orkar tvímælis að fela stjórn sem skipuð er til tiltekins tíma þetta eftirlit.

Landsvirkjun fagnar áformum um að setja lög um Orkusjóð og er reiðubúin til að skýra nánar þær ábendingar sem fyrirtækið vill koma á framfæri við fyrirbyggjandi drög.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson
forstjóri